

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykhólahreppi.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkti 11. nóvember 2010 í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 breytingu á deiliskipulagi í Fremri-Gufudal í Reykhólahreppi. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér fjölgun sumarhúsaloða úr fimm í sex auk lóðar fyrir íbúðarhús. Deiliskipulagið nær, eins og áður, til 21,5 ha svæðis á heimatúni Fremri-Gufudals.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar Reykhólahrepps, 6. apríl 2011,

Bogi Kristinsson Magnúsen, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 11. apríl 2011